



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

„ÞÓ ELNI FJARA OG RÍSI FLÓÐ“

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Lífsstílsmat hjá nemendum í 1. bekk haustið 2012—helstu niðurstöður
- Könnun um líðan haustið 2012—helstu niðurstöður
- Marita fræðsla—forvarnir í unglingadeild
- Vinamerki í skólalóð
- Góðir gestir, pistill skólastjóra

GOÐI segir:



„Þúsund ár
og þúsund enn
þó elni fjara og rísi flóð.
Þúsund ár“

Kæru viðtakendur

ÞÚSUND ÁR

Á dögnum tóku allir nemendur og allir starfsmenn Áslandsskóla þátt í því að syngja viðlagið í Þjóðlaginu svokallaða.

Kórstjóri Fjallabræðra, Halldór Gunnar Pálsson, kom þá í heimsókn með upptökutækin sín og tókst samsöngurinn vonum framár.

Frekari fréttir af söngnum má finna hér: <http://thjodlag.is/mesti-fjoldi-hingad-til-aslandsskoli>

KRAKKINN SEM HVARF

Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur og hægri bakvörður, heimsótti okkur í Áslandsskóla á dögnum. Þorgrímur hefur verið duglegur að heimsækja okkur í Áslandsskóla, ýmisst til að lesa fyrir nemendur eða spjalla við okkur um heilbriggt lífni og markmiðssetningar í lífinu.

Nýjasta bók kappans heitir *Krakkinn sem hvarf* og er fjörug saga úr litlu þorpi þar sem draugar leika lausum hala.

ALL - YOU - I

Merkilegt hve margir hægri bakverðir koma í heimsókn í Áslandsskóla. Þorgrímur Þráinsson var varla farinn úr húsi þegar annar bakvörður, Jón Ragnar

Jónsson kom trítlandi inn um dyrnar.

Flestir vita eflaust hversu mikill prýðispiltur er þar á ferð. Jón hitti nemendur í 8. bekk og spjallaði við þá um forvarnarmál, skaðsemi munntóbaks, heilbriggt lífni, hollustuhætti og það að forðast eiturefni ýmiss konar.

KANNANIR / MAT

Í þessum Flórgoða má finna helstu niðurstöður úr könnun um líðan. Sérstaklega er unnið með allar niðurstöður í skólanum, bæði í tengslum við foreldraviðtöl, sértæk viðtöl og ákveðin verkferli er tengjast líðan nemenda í Áslandsskóla.

Niðurstöður eru alltaf mjög áhugaverðar. Rétt er að geta þess að í kjölfar hvorrar könnunar um sig, funda stjórnendur skólans með yfirmönnum íþróttamannvirkja í bænum, þ.e. þeim sem skólinn nýtir til sund- og íþróttakennslu.

Í blaðinu eru einnig niðurstöður úr lífsstílsmati nemenda í 1. bekk sem áhugavert er að skoða og velta fyrir sér.

Skólakveðja

Leifur S. Garðarsson, skólastjóri

FLÓRGOÐINN er fréttablað ÁSLANDSSKÓLA

Öll tölublöð Flórgoðans er hægt að finna á vefsetri skólans
<http://www.aslandsskoli.is/florgodinn.htm>

KÖNNUN UM LÍÐAN

Helstu niðurstöður úr haustkönnun 2012

Helstu niðurstöður, 1.-3. bekkur

94% nemenda líður vel eða allt í lagi í frímínútum
 96% líður vel eða allt í lagi í kennslustundum
 96% nemenda líður vel eða allt í lagi í íþróttum
 99% nemenda líður vel eða allt í lagi í sundi
 51% nemenda líður vel í búningsklefa íþróttta, 30% allt í lagi, 19% illa
 88% líður vel búningsklefa í sundi, 22% allt í lagi og 7% illa

Helstu niðurstöður, 4.-6. bekkur

91% líður alltaf eða oft vel í skólanum, 9% stundum
 68% líður alltaf vel í frímínútum 26% oft og 6% stundum
 89% líður alltaf eða oft vel í bekknum sínum, 10% stundum
 81% segja kennarinn sinn alltaf sanngjarnan við krakkana í bekknum, 14% oft
 82% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við sig, 13% oft
 88% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti
 90% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum, 8% oft
 69% segjast aldrei kvíða að fara í skólann, 10% stundum
 72% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu

Hvar fer stríðni fram?

31% segja alltaf eða oft í frímínútum

75% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í sundi, 21% stundum

54% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa íþróttta, 22% stundum

Helstu niðurstöður, 7.-10. bekkur

88% líður alltaf eða oft vel í skólanum, 12% stundum

63% líður alltaf vel í frímínútum 32% oft og 5% stundum

91% líður alltaf eða oft vel í bekknum sínum, 8% stundum

62% segja kennarinn sinn alltaf sanngjarnan við krakkana í bekknum, 31% oft

68% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við sig, 25% oft

85% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti

69% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum, 27% oft

84% segjast aldrei kvíða að fara í skólann, 13% stundum

73% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu

Hvar fer stríðni fram?

25% segja alltaf eða oft í frímínútum

82% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í sundi, 16% stundum


81% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa íþróttta, 17% stundum

LÍFSSTÍLSMAT Í 1. BEKK


Skólahjúkrunarfræðingur framkvæmir árlega lífsstílsmat hjá nemendum í 1. bekk skólans. Niðurstöðurnar eru ávallt mjög áhugaverðar og bæði fróðlegt og skemmtilegt að velta þeim fyrir sér.

Hér fyrir neðan gefur að líta nokkrar niðurstöður úr lífsstílsmatinu sem framkvæmt var í lok október 2012.


Borðaðir þú morgunmat heima í morgun?




Tókst þú lýsi í morgun?




Æfir þú íþróttir eða leikur þú þér oft úti?




Hver burstaði tennurnar þínar í morgun?



Hvernig líður þér í skólanum?



Ertu búin að eignast vin/vinkonu í skólanum?



Vinastaður

Þessa dagana er unnið að hönnun og síðar uppsetningu að "vinastað" á skólalóðinni. Hér er um að ræða að skólamerkið verður sett upp við hlið grindar undir reiðhjólin og verður merkið úr plexigleri.

Tilgangurinn er að gera sérstakan vinastað á skólalóðinni þó skólalóðin eigi vissulega öll að vera vinasvæði og allir nemendur vinir. Hugsunin er samt sem áður að nemendur viti af ákveðnum stað sem þeir geta leitað til ef þau eru ein eða útundan úr leik með öðrum í frímínútum. Ef þannig er í pottinn búið þá geta þau komið á vinastaðinn þar sem starfsmaður verður til staðar og leiðbeinir nemendum, hjálpað þeim að komast inn í leik eða hreinlega boðið upp á boltaleik, snú snú eða annað.

Þegar merkið er komið upp munum við birta mynd svo allir geri sér betur grein fyrir því hvað um ræðir.

Marita fræðsla / forvarnir



Fundur fyrir foreldra og kennara barna í 7. - 10.bekk

FIMMTUDAGUR 6. DES

Dagskrá:

18:00-19:30

Maritافرæðsla: Magnús Stefánsson

19:30-20:00

Niðurstöður úr vímuefnarannsókn

kynntar: Geir Bjarnason forvarnarfulltrúi

Hættu áður en þú byrjar

Dagana 5. og 6. desember fáum við góðan gest í skólann. Um er að ræða forvarnafræðsluna Marita sem Áslandsskóli og foreldrafélag Áslandsskóla standa fyrir. Fræðslan verður annars vegar fyrir nemendur í 7.-10. bekk á skólatíma og hins vegar fyrir forráðamenn um kvöldið, þann 6. desember kl. 18:00, eins og sjá má hér að ofan.

Einnig verður fundur fyrir 5. bekk og foreldra þeirra föstudaginn 7. desember kl. 8:10-9:30. Sá fundur byggir á jákvæðri nálgun í forvörnum og er í boði ABC Barnastarfs.



Kríúási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri